



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað starfsmanns

**Dags:** 23. maí 2022

**Málsnúmer:** 201812133/20.1.1

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Þóra M. Hjaltested, Lögmaður Mosfellsbæjar

---

Á 1473. fundi bæjarráðs þann 21. janúar 2021 var til umfjöllunar samkomulag Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar er tengist samningum við eiganda Hraðastaða 1 vegna nýs deiliskipulags í kringum Jónstótt. Grundvöllur samkomulagsins var líkt og fram kom í minnisblaði sem lá fyrir fundinum (mál one 202012002) að nýtt deiliskipulag Þingvallavegar sem og deiliskipulag kringum Jónstótt kallar á að gengið verði frá landakaupum gagnvart landeigendum í Mosfellsdal áður en hægt verði að ráðast í þær framkvæmdir sem deiliskipulögin gera ráð fyrir. Það land sem Mosfellsbær þarf að festa kaup á er talsvert minna að umfangi en sá hluti sem Vegagerðin þarf að festa kaup á og var því talið eðlilegra að Vegagerðin leiddi samningaviðræður við landeiganda Hraðastaða 1. Bæjarráð samþykkti með þremur atkvæðum að fela bæjarstjóra að undirrita samkomulagið.

Reynir Karlsson lögmaður leiddi samningaviðræður samkvæmt samkomulaginu. Í þeim viðræðum var af hálfu landeiganda við Hraðastaði 1, Hádegisklett ehf., lögð fram ósk um að greiðsla fyrir landið af hálfu Mosfellsbæjar komi til með makaskiptum á landi. Nánar tiltekið þá afhendi Mosfellsbær landspildu sem Mosfellsbær á norðan Þingvallavegar L123654, fastanr. 2331648 sem er 8.981 m<sup>2</sup> að stærð og fái í staðinn 7.306 m<sup>2</sup> landspildu úr landi L123653 sem nýtt verði undir veg að Jónstótt, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Engar frekari peningagreiðslur fari á milli aðila vegna samninganna.

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi samninga og afsal þar sem Mosfellsbær afsalar til Hádegiskletts ehf. landspildunni L123654, fastanúmer 2331648 og fái í staðinn 7.306 m<sup>2</sup> landspildu úr landi L123653 sem nýtt verði undir veg að Jónstótt.

Virðingarfyllst,

Haraldur Sverrisson,  
bæjarstjóri

Þóra M. Hjaltested,  
lögmaður